

Hverfisnefnd Naustahverfis

12. fundur haldinn á Naustatjörn 1. október 2008.

Mættir voru Ólöf Inga Andrésdóttir, Hrafnhildur E. Karlsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Ásdís Birgisdóttir og Sigurður Sveinn Ingólfsson.

Hverfisnefnd ákvað að mæta á fund um Naustaskóla í Brekkuskóla, fimmtudaginn 2. október. Ekki hafði komist á fundur með Gunnari Gíslasyni og ákveðið var að heyra fyrst hvað kæmi fram á fundinum.

Farið var yfir hlutverk hverfisnefnda í erindisbréfi og gerðar tillögur og athugasemdir. HEK kemur þessum tillögum á framfæri við vinnuhópinn um endurskoðun hlutverk hverfisnefnda.

Nefndarmenn leggjast gegn því að hverfisnefndum á Akureyri verði fækkað og þær sameinaðar. Hlutverk nefndar í nýju hverfi eins og Naustahverfi eru töluvert annars eðlis en hjá hverfisnefndum í rótgrónum hverfum.

Hverfisnefndin ætlar að senda bréf til hverfisnefndar Lundahverfis um samráð og samvinnu með umferðar- og gatnagerðarmál sem lúta að þessum tveimur hverfum.

Nauðsynlegt að hafa samræmt form á fundargerðum hverfisnefnda.

Kjörnir fulltrúar og embættismenn Ak. bæjar þurfa að fá kynningu á því fólki sem er í hverfisnefndum og því hlutverki sem þetta fólk gegnir. Nauðsynlegt er að það komi fram hvernig farið er með samþykktir, fundargerðir og annað er kemur frá hverfisnefndum og vinnuhópum á vegum bæjarins og hverjir það séu sem eigi að sjá um að sjá um tillögum sé framfylgt. Nefndin leggur til að sá tengiliður sem nefndirnar hafa samband við fylgi eftir málum sem koma frá nefndunum (umboðsmaður íbúa).

Rætt var um fjárhagslegt sjálfstæði nefnda.

Fleira var ekki á dagskrá og fundi slitið.